



SÝSLUMAÐURINN Á PATREKSFIRÐI

Aðalstræti 92 • 450 Patreksfjörður • Kt.: 570269-4969 • Sími: 450 2200 • Fax: 456 1550 • Netfang: patreksfjordur@syslumenn.is

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna uppkosninga í Reykhólahreppi 24. júlí 2010

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar í Reykhólahreppi verður auglýst sérstaklega á ákveðnum dögum á heimasíðu Reykhólahrepps www.reykholar.is en kosið verður á skrifstofu Reykhólahrepps. Nánari upplýsingar veitir sýslumaður í síma: 450-2200.

Kjósandi, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, er heimilt að greiða atkvæði í heimahúsi nema hann eigi kost á að greiða atkvæði á stofnun. Ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi skal vera skrifleg og studd vottorði lögráða manns um hagi kjósandans og hafa borist kjörstjóra eigi síðar en kl. 16 fjórum dögum fyrir kjördag eða eigi síðar en kl. 16 þriðjudaginn 20. júlí.

Kjósandi sem vill greiða atkvæði utan kjörfundar, skal gera kjörstjóra grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum.

Þá er vakin athygli á að einnig er hægt að kjósa utan kjörfundar hjá öðrum sýslumönnum.

Sýslumaðurinn á Patreksfirði

25. júní 2010

Úlfar Lúðvíksson

